

Fjölbrautaskóli Snæfellinga
02 367

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Fjölbautaskóli Snæfellinga

kt. 470104-2010

Grundargata 44, 350 Grundarfirði

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er framhaldsskóli með áfangakerfi. Upptökusvæði er norðanvert Snæfellsnes og sunnanverðir Vestfirðir. Skólinn starfrækir framhaldsdeild á Patreksfirði auk þess bíður skólinn upp á fjarnám óháð búsetu. Nemendum í fjarnámi við FSN stendur til boða að mæta í skólann og sitja tíma í viðkomandi áfanga.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 341,9 milljónir og afkoma kr. -10,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 10,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 45,3 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fjölbrautaskóla Snæfellinga í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Fjölbrautaskóla Snæfellinga fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	318.078.282	285.147.628
Seldar vörur og þjónusta	3	12.292.672	11.165.977
Framlög og ýmsar tekjur	4	8.500.112	6.454.146
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	3.072.197	2.522.846
Tekjur samtals		341.943.263	305.290.597
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	274.293.733	238.908.402
Annar rekstrarkostnaður	6	75.412.213	73.699.635
Afskriftir		3.072.197	2.522.846
Gjöld samtals		352.778.143	315.130.883
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		(10.834.880)	(9.840.286)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(23.311)	(2.708)
		(23.311)	(2.708)
Afkoma ársins		(10.858.191)	(9.842.994)

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður		12.691.921	13.588.897
Aðrar eignir		137.000	137.000
		<u>12.828.921</u>	<u>13.725.897</u>
Fastafjármunir samtals		<u>12.828.921</u>	<u>13.725.897</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		11.104.425	7.054.408
Tengdir aðilar	8	16.042.600	22.618.016
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	9	56.755	123.673
Handbært fé	10	5.226.622	6.824.006
		<u>32.430.402</u>	<u>36.620.103</u>
Veltufjármunir samtals		<u>32.430.402</u>	<u>36.620.103</u>
Eignir samtals		<u>45.259.323</u>	<u>50.346.000</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11		
Hrein eign		10.169.126	21.027.317
		<u>10.169.126</u>	<u>21.027.317</u>
Eigið fé samtals		<u>10.169.126</u>	<u>21.027.317</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	8	102.509	91.217
Viðskiptaskuldir		11.069.201	4.071.790
Ýmsar skammtímaskuldir	12	10.967.376	13.332.368
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	13	12.951.111	11.823.308
		<u>35.090.197</u>	<u>29.318.683</u>
Skuldir samtals		<u>35.090.197</u>	<u>29.318.683</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>45.259.323</u>	<u>50.346.000</u>
Aðrar upplýsingar	14		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(10.858.191)	(9.842.994)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		3.072.197	2.522.846
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(3.072.197)	(2.522.846)
		<u>(10.858.191)</u>	<u>(9.842.994)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur		(3.983.099)	2.520.842
Tengdir aðilar		8.611.487	4.041.717
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		4.632.419	(3.435.462)
		<u>9.260.807</u>	<u>3.127.097</u>
		<u>(1.597.384)</u>	<u>(6.715.897)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	7	(2.175.221)	(6.030.675)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	60.000
		<u>(2.175.221)</u>	<u>(5.970.675)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		2.175.221	5.970.675
		<u>2.175.221</u>	<u>5.970.675</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(1.597.384)	(6.715.897)
		<u>6.824.006</u>	<u>13.539.904</u>
		<u>5.226.622</u>	<u>6.824.006</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluvegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	318.078.282	310.882.773
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	(3.800.000)
Tekjufærsla fjárveitinga	318.078.282	285.147.628
Tekjufærsla frestaðra tekna	3.072.197	2.522.846
	321.150.479	287.670.474

Yfirlit um breytingar á fjárveitingum og staða þeirra í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	304.400.000	0	0	304.400.000
Fjárukalög	(900.000)	0	0	(900.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða	9.541.282	0	0	9.541.282
Fjárveiting til tekna	313.041.282	0	0	313.041.282
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(328.936.473)	0	0	(328.936.473)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(15.895.191)	0	0	(15.895.191)

	2020	2019
3 Seld þjónusta		
Sala á vöru og þjónustu	3.930.000	4.140.000
Ýmsar þjónustutekjur	7.905.792	6.366.352
Vörusala I	180.000	0
Vörusala II	107.880	27.000
Verksala	4.375	7.000
Veitinga- og gistipjónusta	164.625	625.625
	12.292.672	11.165.977

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	270.000	531.540
Kostnaðarhlutdeild	1.786.912	1.171.545
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	4.240.000	1.590.000
Ýmsar tekjur	2.203.200	3.161.061
	8.500.112	6.454.146

5 Laun og launatengd gjöld

Laun	223.158.823	195.939.884
Orlof, breyting	(930.798)	(2.713.605)
Launatengd gjöld	51.655.724	45.569.323
Starfsmannakostnaður	409.984	112.800
	274.293.733	238.908.402

Meðalfjöldi stöðugilda	26,5	24,1
------------------------------	------	------

Skýringar

	2020	2019
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	358.272	753.092
Byggingarvörur, almennar	201.779	21.601
Tæki og búnaður til innréttinga	0	3.459
Ýmis tæki og áhöld	615.941	407.771
Varahlutir og viðhaldsvörur	107.220	151.066
Orkugjafar	6.232.285	6.368.866
Matvæli	3.887.773	5.196.694
Almennar rekstrarvörur	836.351	852.629
Vörukaup, almenn	12.239.621	13.755.178
Kennslu- og föndurvörur	273.116	311.134
Vörukaup, sérgreind	273.116	311.134
Fundir, námskeið, risna	638.841	1.441.293
Ferðir, uppihald	809.355	3.233.971
Akstur	622.681	2.354.443
Sérfræðiþjónusta	3.721.077	3.156.654
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	125.813	88.774
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	287.644	849.488
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	450.829	729.957
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	6.656.240	11.854.580
Afnotagjöld	1.557.952	1.329.956
Leigugjöld	48.421.253	40.143.301
Notkun véla og flutningatækja	77.019	80.000
Verkkaup	907.087	1.669.956
Kostnaðarhlutdeild	960.755	903.963
Opinber gjöld	4.204.600	3.498.660
Tilfærslur	114.570	152.907
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	56.243.236	47.778.743
Annar rekstrarkostnaður samtals	75.412.213	73.699.635

7 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2020	23.002.697	137.000	23.139.697
Viðbætur á árinu	2.175.221	0	2.175.221
	25.177.918	137.000	25.314.918
Afskriftir 1.1.2020	9.413.800	0	9.413.800
Afskrift ársins	3.072.197	0	3.072.197
	12.485.997	0	12.485.997
Staða 31.12.2020	12.691.921	137.000	12.828.921

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
8 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	16.042.600	22.618.016
	<u>16.042.600</u>	<u>22.618.016</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	102.509	91.217
	<u>102.509</u>	<u>91.217</u>
9 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		
Fyrirframgreiddur kostnaður	0	36.000
Skattar	56.755	87.673
	<u>56.755</u>	<u>123.673</u>
10 Handbært fé		
Sjóðir	3.457	2.757
Tékkareikningar	5.223.165	6.821.249
	<u>5.226.622</u>	<u>6.824.006</u>
Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 4,2 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til handbærs fjár.		
11 Eigið fé		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum		
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	21.027.317	38.691.682
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	0	(7.821.371)
Afkoma ársins	(10.858.191)	(9.842.994)
Jöfnuður 31.12.	<u>10.169.126</u>	<u>21.027.317</u>
Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.		
12 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	10.949.876	11.880.674
Ógreidd laun	0	1.451.694
	<u>10.967.376</u>	<u>13.332.368</u>

Skýringar

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	12.828.921	13.725.897
Fjárfest umfram fjárveitingu	122.190	(1.902.589)
	<u>12.951.111</u>	<u>11.823.308</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	13.725.897	(1.902.589)	11.823.308
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	4.200.000	4.200.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	2.175.221	(2.175.221)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(3.072.197)</u>	<u>0</u>	<u>(3.072.197)</u>
	<u>12.828.921</u>	<u>122.190</u>	<u>12.951.111</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 2,2 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Menntamálaráðuneytið hefur gert skuldbindandi samninga fyrir hönd skólans um húsnæði til ársloka 2024 og aðra þjónustusamninga til næsta árs. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 46,7 milljónum og vegna þjónustusamninga kr. 10,2 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óafturkallanleg loford

Á ekki við

Atburðir eftir reikningsskiladag

Á ekki við